
Dimmuhvarf 13

Fyrirspurn um breytta notkun hesthúss

Dags. 16.08.2024
One 24071796/BG

Umsögn um fyrirspurn

Óskað eftir að byggja vinnustofu í stað hesthúss sem heimild er fyrir.







Deiliskipulag samþykkt 29.10.1992 “Vatnsendi, tillaga að þéttingu byggðar”

Á hverri lóð má byggja eitt einbýli ásamt bílgeymslu. Á lóðum sem eru 1600m2 og stærri má að auki byggja hesthús ásamt hlöðu og gerði ef sýnt er fram á að þessi mannvirki falli vel að umhverfinu.



Samantekt

Lóð nr. 13 við Dimmuhvarf er staðsett innan íbúðarhverfis skammt frá opnu svæði með reiðleiðir framhjá. Fordæmi finnast á þessu svæði (Vatnsendi-Hvörf) fyrir því að leyft var að byggja vinnustofu/aukaíbúð í stað hesthúss án þess þó að fjölga fasteignarnúmerum.

Niðurlag

Skipulagsdeild lítur jákvætt á fyrirspurn. Sækja þarf um óverulega breytingu á deiliskipulagi (skilmálabreytingu). Gangi breytingin eftir, er sótt um byggingarleyfi til að breyta hesthúsi í dvalarrými/vinnustofu en þá þarf það að uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar um „almennar kröfur til íbúða“ og vera í samræmi við „Leiðbeiningar um breytingar á húsnæði eða lóð“ úr Verkfærakistu fyrir þróun byggðar í Kópavogi. Ekki er heimilt að fjölga fasteignanúmerum á lóðinni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026